

# Á VEGFERÐ VELLÍÐUNAR



3–5 leikmenn

**13+**

Höfundar leiksins eru:

Andri Þór Árnason, Anna María Cornette,  
Hreggviður Hermannsson, Marta Alda Pitak  
og Stefanía Gunnarsdóttir.

Borðspilið Á vegferð vellíðunar var þróað af Bókasafni Reykjanesbæjar sem hluti af Erasmus+ verkefninu Strategize YOU(r)th Journey To Wellbeing! (2023–2025), í samstarfi við Asociatia CreativePlus ONG, Bókasafn Reykjanesbæjar, Slovak Eco Quality og UniGrowth Development Center æskulýðssamtök.

Borðspilið Á vegferð vellíðunar var hannað með leturgerðinni OpenDyslexicAlta til að auka aðgengi fyrir lesendur.





# Inngangur

**VELKOMIN Á VEGFERÐ VELLÍÐUNAR  
– BORÐSPIL UM VELLÍÐAN!**

Spilið var búið til með það markmið að opna fyrir samtal um vellíðan á bæði upplýsandi og skemmtilegan hátt.

Með því að blanda saman fróðleik og skemmtun viljum við normalísera umræðuna um sjálfsumhyggju og í leiðinni hvetja leikmenn til að setja eigin vellíðan í forgang.

# En hvað er vellíðan?

Vellíðan snýst um að finna jafnvægi í daglegu lífi – tilfinningalega, líkamlega, félagslega, vitsmunalega og andlega/trúarlega. Til að viðhalda þessu jafnvægi er mikilvægt að stunda sjálfsumhyggju.

Vellíðan tengist síðan andlegri heilsu, sem snýst um það hvernig við hugsum, upplifum og tökumst á við áskoranir í lífinu. Andleg heilsa á við um okkur öll og er eitthvað sem við getum sífellt lært að hugsa betur um.

Spilið byggir á fimm grunnþáttum sjálfsumhyggju sem nefndir eru fyrir ofan; líkamlegri, tilfinningalegri, félagslegri, vitsmunalegri og andlegri/trúarlegri sjálfsumhyggju. Með því vonumst við til að fjalla um vellíðan frá ýmsum sjónarhornum - og um leið auka vitund og veita góða innsýn í efnið. Hægt er að lesa sér til um hvern þátt á næstu blaðsíðum.

Einnig höfum við bætt við texta um geðhrif og tilfinningar. Það að þekkja muninn á þessum hugtökum auðveldar spilið.

Velgengni leiksins og hvernig hann þróast er alfarið í ykkar höndum. Vilji ykkar til að hlusta, deila og skapa fordómalauð rými fyrir dýrmætt samtal mun móta leikupplifunina. Stuðningur, virðing og forvitni eru lykilatriði. Farið inn í leikinn með opnum huga og njótið!

# Sjálfsumhyggja

## Líkamleg sjálfsumhyggja

Líkamleg sjálfsumhyggja felst í því að hugsa vel um líkamann sinn, m.a. með næringarríkum mat, nóg af vatni, reglulegri hreyfingu, djúpri og meðvitaðri öndun, góðum svefni, hlustun á líkamann, slökun og meðvitund um mikilvægi kynheilbrigðis.



## Tilfinningaleg sjálfsumhyggja

Tilfinningaleg sjálfsumhyggja snýst um að taka eftir og skilja eigin tilfinningar, auk þess að finna heilbrigðar leiðir til að tjá þær á uppbryggilegan hátt. Þessi þáttur snýst einnig um að hlúa að, vinna úr og samþykkja eigin geðhrif.



## Félagsleg sjálfsumhyggja

Félagsleg sjálfsumhyggja felst í því að hlúa að félagslegum tengslum í lífi okkar, hvort sem um er að ræða fjölskyldu, maka, vini, vinnufélaga og/eða aðra. Í gegnum félagsleg tengsl öðlumst við stuðning, virka hlustun og deilum einnig upplifun sem skapar varanlegar minningar.



# Vitsmunaleg sjálfsumhyggja

Vitsmunaleg sjálfsumhyggja snýst um að víkka þekkingu okkar og hugarfar. Heilinn þarf að vaxa og tileinka sér nýjar upplýsingar til að viðhalda heilsu. Heilbrigður hugur er grunnurinn að öðrum þáttum heilsunnar.



## Andleg sjálfsumhyggja

Andleg sjálfsumhyggja er það sem hjálpar okkur að finna dýpri merkingu og skilning í lífinu. Hún getur einnig hjálpað okkur að tengjast þeim gildum og trú í lífinu sem leiðbeina okkur áfram. **Andleg sjálfsumhyggja** er einstaklingsbundinn þáttur sjálfsumhyggju sem getur litið mismunandi út hjá fólk.

## Geðhrif og tilfinningar

Hefur þú einhvern tímann fundið fyrir hröðum hjartslætti þegar þú áttir að tala fyrir framan hóp af fólk? Það eru geðhrifin að verki. En þegar þú hugsar með þér: „Vá, ég er rosalega stressuð/aður/að!“ þá ertu hins vegar að upplifa tilfinningu.


Geðhrif eru ósjálfráð líkamleg viðbrögð við umhverfi okkar. Þau eru hröð, sameiginleg öllu fólk og forrituð í heilann okkar - líkt og viðvörunar kerfi. Otti, gleði, reiði og undrun birtast hvort sem þér líkar það eða ekki!

Tilfinningar koma fram þegar heilinn þinn túlkar geðhrif. Þær eru personulegar og mótað af eigin reynslu auk hugsana. Tveir einstaklingar geta upplifað sömu geðhrif (t.d. ótta), en annar þeirra gæti túlkað þau sem spennu á meðan hinn gæti túlkað þau sem hræðslu.

Að skilja muninn á þessu tvennu hjálpar okkar að takast betur á við geðhrif okkar og að tjá tilfinningar okkar á skýrari hátt sem er gríðarlega mikilvægt, bæði í þessu spili sem og í lífinu!

# Innifalið í spilakassa Á VEGFERÐ VELLÍÐUNAR:

**SPILABORD**



**25 LEYNISPIL**



**50  
AÐGERÐASPIL**



**50 SPURNINGASPIL**



**TENINGUR**



**5 PEÐ**

**LEIÐBEININGABÆKLINGUR**

# Leikreglur




Hver spilari velur sér peð og setur það á **BYRJUNARREITINN**



Sem hópur þurfið bið að ákveða hver byrjar. Sá aðili kastar teningnum og færir peðið áfram í samræmi við töluna sem upp kemur.

Næst dregur hann kort sem samsvarar þeim reit sem hann lendir á og fylgir leiðbeiningum þess.



+5



teningnum.  
ærð fjóra  
tra, ferð þú

Þegar spilarinn hefur lokið aðgerðinni, færir hann peðið sitt samkvæmt tölunni í hægra horni kortsins. Þá tekur næsti spilari við.

Spilarar skiptast á réttsælis.  
Fyrsti spilari sem kemst á **ENDAREIT** vinnur! Hins vegar er það undir ykkur komið hvort þið viljið halda spilinu áfram.

**ENDIR**

Ef spilari vill ekki svara spurningu/framkvæma einhverja aðgerð þá má sá hinn sami sleppa því og bíða eftir næstu umferð.

# Spurningaspil



*Spurningaspil samanstanda af spurningum sem hvetja spilara til að opna sig og ræða vellíðan og sjálfsumhyggju.*

Lestu spurninguna upphátt og svaraðu henni eins nák væmt og þú treystir þér til. Það er alveg undir þér komið.

+3




Ef þú kýst að svara spurningunni, færðu þeðið þitt áfram eftir þeirri tölu sem kemur fram í efra hægra horni spilsins. Ef þú kýst að svara spurningunni ekki, haltu þér á sama stað og bíddu eftir næstu umferð.

Öðrum spilurum er frjálst að bæta við umræðuna og svara spurningum jafnvel þó þau eigi ekki leik. Hins vegar er það einungis sá spilari sem dró spilið sem fer áfram með því að svara spurningunni.

hugmynd að  
mataræði,  
er þú borða í  
hádegismat

# Aðgerðaspil

*Aðgerðaspil sviðsetja aðstæður,  
leiki og aðrar aðgerðir sem  
hvetja spilara til að deila sínum  
skoðunum og tilfinningum hvað  
varðar mismunandi málefni.  
Spurningaspilin eru dýpri, á  
meðan aðgerðaspilin eru  
hugsuð með því markmiði að  
stuðla að skemmtilegri fræðslu.*



+3



...n vill hætta  
og opna sitt  
fihús. Nefndu  
sem þú myndir

Lestu aðgerðina og framkvæmdu hana ef þú treystir þér til þess. Það er alveg undir þér komið. Ef þú kýst að framkvæma hana, skaltu færa þig áfram samkvæmt þeiri tölu sem kemur fram í efra hægra horni spilsins. Ef þú kýst að framkvæma aðgerðina ekki, haldu þig á sama stað og bíddu eftir næstu umferð.

**Sum spil gera öllum spilurum kleift að færast áfram!**  
Á þeim spilum kemur það skýrt fram.

Öðrum spilurum er velkomið að taka þátt í umræðunni eða framkvæma aðgerðina jafnvel þó þau eigi ekki leik.

Hins vegar er það einungis sá spilari sem dró spilið sem fer áfram við lok aðgerðarinnar nema annað komi fram í spilinu.

# Aðgerðaspil - leikir

## Tilfinningaleikur

Leiktu tilfinningu (þitt val) með hreyfingum og hljóðum en án bess að segja orð. Aðrir spilarar fá 10 sekúndur til að giska á tilfinninguna sem þú ert að leika. **Ef einhver nær að giska rétt, færist þið bæði áfram.** Ef enginn nær að giska á rétta tilfinningu, þá færist ekkert ykkar áfram.



## Tilfinningalabb

Leiktu tilfinningu (þitt val) með göngulagi! Ekki gefa frá þér nein hljóð. Aðrir spilarar fá 10 sekúndur til að giska á tilfinninguna. **Ef einhver nær að giska rétt, færist þið bæði áfram.** Ef enginn nær að giska á rétta tilfinningu, þá færist ekkert ykkar áfram.



## Tengdu það

Veldu eitthvað orð sem tengist vellíðan til að hefja leikinn. Rétsælis skiptast spilarar á að nefna orð sem tengist síðasta orðinu sem var nefnt.

Ef spilari hikar við í meira en 3 sekúndur eða nefnir orð sem tengist ekki því síðasta, er hann úr leik. Leikurinn heldur áfram þangað til einn spilari er eftir.

Sigurvegarinn færist áfram.



## Matarkennd

Veldu tilfinningu og lýstu henni með þremur matarvörum. Aðrir spilarar fá eina mínútu til að giska á tilfinninguna. Ef einhver nær að giska rétt, færist þið bæði áfram. Ef enginn nær að giska á rétta tilfinningu, þá færist ekkert ykkar áfram.



## Ráðaskipti

Rétsælis eiga allir spilarar (fyrir utan þann sem dró spilið) að nefna ráð út frá þema spilsins sem var dregið. Sá sem dró spilið, velur það ráð sem sá hinn sami tengir mest við. Þú ásamt spilaranum sem nefndi það ráð sem þú valdir, farið áfram.



# Leynispil

Leynispil eru óvænt og leyndardómsfull! Tilgangur þeirra er að rugla í spilinu á ófyrirséðan hátt.



Fylgdu einfaldlega leiðbeiningum leynispilsins.



## Broskarl

Dragðu spil úr bunka að eigin vali.



## Fýlukarl

Haltu þig á sama stað og bíddu eftir næstu umferð.



# x2



Dragðu spil í sama lit og reiturinn sem þú lentir á.



Ef þú nærð að framkvæma aðgerð spilsins þá færir þú peðið þitt tvöfalt áfram!

# x3



Dragðu spil í sama lit og reiturinn sem þú lentir á.

Ef þú nærð að framkvæma aðgerð spilsins þá færir þú peðið þitt þrefalt áfram!



**CREA+  
TIVE  
PLUS**



Funded by  
the European Union



Verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu.

Sjónarmið og skoðanir sem fram koma eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspeglar ekki endilega afstöðu Evrópusambandsins né Slóvakísku landsstofnunarinnar NIVAM.

Hvorki Evrópusambandið né fjárveitandi stofnun bera ábyrgð á þeim.